



Sunddeild

Fundargerð Stjórnarfundur Sunddeilar Umf. Selfoss 15. september 2008

Mættir eru: Guðmundur Jóhannesson, Guðbjörg Árnadóttir, Steinunn Aradóttir, Sigrún Sunna Skúladóttir, Hrafnhildur Guðmundsdóttir og Bryndís Ólafsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.
2. Rætt um síðasta aðalstjórnarfund en þar kom fram að búið er að ráða bókara fyrir ungmennafélagið sem allar deildir geta nýtt sér.
Kominn er nýr afreks- og styrkarsjóður.
Farið yfir þjónustusamning milli Árborgar og Ungmennafélagsins.
Sagt frá fyrirhugaðri útgáfu blaðs hjá Ungmennafélaginu, uppbyggingu íþróttarvallarsvæðis, útgáfu sögu félagsins og niðurgreiðslum Árborgar á íþrótt- og tómstundastarfi.
3. Ætlun að kynna deildina í Dagskránni á næstunni.
4. Rætt við þjálfara um nýja samninga við þá.
5. Búið að panta Borg í Grímsnesi 11.-12. okt. vegna æfingabúða. Eins er stefnt á eitt mót í mánuði.
6. Flöskusöfnun verður 27. sept og 22 nóv.
7. Ræða þarf við Árvirkjann um auglýsingar á gallana.
8. Önnur mál.
Vinavika fyrirhuguð 29. sept.-3. okt. og opinn dagur þann 26. sept.
Klukkan í sundlaug búin að vera lengi biluð.
Rætt um æfingatíma í sundlaug.
Þarf að fara að athuga með nýjar sundhettur.
Kynna þarf betur fyrir foreldrum að frítt sé fyrir sundeildarkrakka í sund.
Sagt frá að byrjuð sé leikfimi eða þrek í upphitun fyrir æfingar.
Fyrirhuguð er æfinga- og keppnisferð til Þýskalands í júní 2009. Um það bil 7 krakkar sem við getum sent, það verður athugað með heimagistingu.
Farið yfir fjármál deildarinnar, sérstaklega innheimtu vegna skilta við sundlaug.
Athuga þarf að Júðódeild á 2 skilti á sundlaugarsvæðinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

/Sigrún Sunna Skúladóttir